

Nr. 21-018 S 009 Rifsnes SH 44***Skipverji slasast við fall***

Skipaskr.nr.: 2847
IMO: 9216781
Útgerð: Hraðfrystihús Hellissands hf
Smíðaður: Noregur, 1999, stál.
Stærð: 776,45 bt.
Mesta lengd: 43,2 m *Skráð lengd*: 39,94 m
Breidd: 9,0 m *Dýpt*: 9,14 m
Vél: Yanmar, 749,0 kw, 1999.
Fjöldi skipverja: 15



Rifsnes©Skessuhorn

Gögn:

Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 1. nóvember 2021 af Geirbrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynti og Pálma K. Jónssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 13. febrúar 2021 var Rifsnes SH 44 á línuveiðum út af Breiðafirði. Veður: ASA 18 til 23 m/s.

Skipverjinn var að sækja varahluti í geymslu á efra þilfari þegar skipið tók dýfu, hann kastaðist yfir í bakborðssíðu og lenti á rafmagnsskáp. Skipverjinn tvíbrotnaði m.a. á vinstri handlegg. Siglt var með slasaða til hafnar á Rífi.

Við rannsókn kom fram:

- að varahlutageymslan var staðsett við opið rými þar sem engin handrið voru til staðar;
- að eftir slysið var sett upp öryggishandrið úr tógi á efra þilfari.

Nefndarálit:

Orsök slyssins má rekja til ófullnægjandi starfsumhverfis með tilliti til öryggis skipverja.